

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 20/2023****2023/EES/75/20****frá 3. febrúar 2023****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 ⁽¹⁾, var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2019 frá 8. febrúar 2019 ⁽²⁾ og er vísað til hennar í lið 31bf í IX. viðauka við EES-samninginn.
- 2) Skilyrðin fyrir þjónustustarfsemi verðbréfamiðstöðva (CSDs) á Evrópska efnahagssvæðinu með staðfestu í þriðja landi falla undir 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
- 3) Aðlögunartexti c) í lið 31bf í IX. viðauka við EES-samninginn veitir Liechtenstein undanþágu til að leyfa verðbréfamiðstöðvum þriðju landa sem þegar veita þjónustu sem um getur í 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 til fjármálalegra milliliða í Liechtenstein eða þegar hafa sett á fót útibú í Liechtenstein að halda áfram að veita þjónustuna í að hámarki fimm ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2019 frá 8. febrúar 2019.
- 4) Breyta ber aðlögunartexta c) í lið 31bf í IX. viðauka við EES-samninginn á þann hátt að verðbréfamiðstöðvar þriðju landa sem þegar veita þjónustu sem um getur í 2. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 til fjármálalegra milliliða í Liechtenstein eða þegar hafa sett á fót útibú í Liechtenstein hljóti leyfi til að halda áfram að veita þjónustuna í að hámarki sjö ár eftir gildistökudag þessarar ákvörðunar. Ef 25. eða 69. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 er breytt á því tímabili skal hins vegar endurskoða aðlögunartexta c) í samræmi við þær breytingar.
- 5) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað aðlögunartexta c) í lið 31bf aðlögunartexta í IX. viðauka við EES-samninginn:

„Liechtenstein er heimilt að leyfa verðbréfamiðstöðvum þriðju landa sem þegar veita þjónustu sem um getur í 2. mgr. 25. gr. til fjármálalegra milliliða í Liechtenstein eða hafa þegar sett á fót útibú í Liechtenstein að halda áfram að veita þjónustuna sem um getur í 2. mgr. 25. gr. í að hámarki sjö ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2023 frá 3. febrúar 2023.“

2. gr.

Samningsaðilar skulu endurskoða aðlögunartexta c) í lið 31bf í IX. viðauka við innleiðingu í EES-samninginn á hvaða gerð sem breytir eða kemur í stað 25. eða 69. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 60, 28.2.2019, bls. 31 og EES-viðbætur nr. 17, 28.2.2019, bls. 8.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.